



**Nefndasvið Alþingis**  
**Félags- og tryggingamálanefnd**  
**b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 13. apríl 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda (535. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu þar sem lagt er til að Alþingi álykti að við framkvæmdir í málefnum innflytjenda verði fylgt þeirri áætlun sem tillagan felur í sér.*

Í afmælisriti Viðskiptaráðs 90 tillögur að bætti samkeppnishæfni var m.a. lagt til að allar hömlur á aðflutningi erlendra einstaklinga hingað til lands yrðu afnumdar, en þar sagði enn fremur að endurskoða ætti „innflytjendalöggjöf með það að markmiði að þeir útlendingar sem komi hingað til lands til vinnu geti gert það með einföldum og skjótum hætti, óháð þjóðerni.“ Þessu til viðbótar hefur ráðið lengi talað fyrir einföldun og samræmingu á sviði atvinnu- og dvalarleyfa. Viðskiptaráð Íslands fagnar því tillögu þessari og fagnar þessu mikilvæga frumkvæði ríkisstjórnarinnar enda um mikla hagsmuni að ræða fyrir íslenskt samfélag sem verður alþjóðlegra með hverju árinu sem líður.

Það er hins vegar mat Viðskiptaráðs að tillaga þessi ætti að fela í sér yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að hér verði unnið markvisst að því að laða að erlenda sérfræðinga á öllum sviðum. Í þessu augnamiði væri rétt að koma til framkvæmda tillögum nefndar forsætisráðherra um Ísland sem alþjóðleg fjármálamiðstöð, þ.e. að leiða í lög skattaávilnanir fyrir erlenda sérfræðinga. Ísland ætti þannig að verða nokkurskonar ráðningamiðstöð fyrir erlenda sérfræðinga.

Það er ennfremur álit Viðskiptaráðs að kveða ætti frekar á um aðkomu einkaaðila í þessari framkvæmdaráætlun. Þannig ætti tillagan að fela í sér að við innkaup í tengslum við áætlun þessa væri það ávallt útgangspunktur að semja við einkaaðila á umræddu sviði. Enn fremur ætti að vera kveðið enn fastar að orði um mikilvægi þess að tryggja aðkomu innlendra háskóla að framkvæmdaáætluninni.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs